

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um könnun á áhættu hegðun karla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hefur ráðherra látið „kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir“, sbr. lið 6.10 í þingsályktun um framkvæmda-áætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?
2. Hverjar eru niðurstöður könnunarinnar og ef þær liggja ekki fyrir, á hvaða stigi er könnunin?